Almennar reglur um birtingu gagna með fundargerðum í ráðum og nefndum Fjallabyggðar

1. gr.
Tilgangur og markmið.

Stefna Fjallabyggðar er að stjórnsýsla bæjarins sé opin og að bæjarbúar geti með einföldum hætti fylgst með störfum bæjarstjórnar og nefnda.

Reglum þessum er ætlað að auka aðgang íbúa Fjallabyggðar að gögnum sveitarfélagsins, fyrirtækja þess og samtaka sem það á aðild að, sem lögð eru fram í ráðum og nefndum á vegum sveitarfélagsins eftir því sem lög og reglugerðir heimila sem og í samræmi við stefnur Fjallabyggðar.

Tilgangur reglna þessara er að birting gagna með fundargerðum í ráðum og nefndum Fjallabyggðar sé byggð á málefnalegum forsendum og sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir, t.a.m. stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2021 og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Megin markmið með þessum reglum er að leiðbeina starfsmönum og kjörnum fulltrúum Fjallabyggðar og nefnda á vegum sveitarfélagsins og samhæfa vinnulag við birtingu gagna með fundargerðum á vef sveitarfélagsins, eftir því sem lög og reglugerðir heimila.

2. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar skulu gilda þegar tekin er ákvörðun um hvort birta skuli gögn sem lögð eru fyrir ráð og nefndir Fjallabyggðar á vef sveitarfélagsins.

3. gr.
Meginreglan um birtingu gagna.

Við birtingu á fundargerðum á vef Fjallabyggðar, www.fjallabyggd.is, skulu jafnframt birt öll gögn sem varða viðkomandi mál og fylgdu fundarboði eða lögð voru fram á viðkomandi fundi, nema undantekningarreglur 4. og 5. gr. þessara reglna eða lög hindri slíka birtingu.

Sé um að ræða gögn sem ekki ber að birta skv. 4. og/eða 5. gr. þessara reglna eða vegna þess að ákvæði laga hindra slíka birtingu, er samt sem áður heimilt að birta þau á vef sveitarfélagsins ef skriflegt samþykki viðkomandi málsaðila liggur fyrir.

Fundargerðir nefnda sem ekki hafa fullnaðarafgreiðsluheimild skulu birtar innan tveggja sólarhringa frá lokum fundar með fyrirvara um staðfestingu þar til bæjarstjórn hefur staðfest fundargerðina í samræmi við 36 gr. samþykkta Fjallabyggðar.

4. gr.
Gögn sem óheimilt er að birta.

Eftirfarandi gögn er óheimilt að birta:

(i) Gögn um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.
(ii) Bréfaskipti við sérfróða aðila til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt máli skuli höfðað.
(iii) Vinnuskjöl og innri minnisblöð til eigin nota.
(iv) Samninga við aðra en lögaðila, opinbera aðila, félagasamtök og styrktaraðila, nema fyrir liggi samþykki samningsaðila en meginefni samninga skal þó koma fram í texta fundargerðar.
(v) Gögn er tengjast málefnum einstakra starfsmanna.
(vi) Gögn sem teljast trúnaðarmál og varða einkamálefni eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og annarra lögaðila.
(vii) Gögn sem þagnarskylda skal gilda um.

Ef réttmætur vafi er á því hvort lög heimili birtingu gagna skulu gögn að jafnaði ekki birt.

5. gr.
Gögn sem ekki er skylt að birta.

Ekki er skylt að birta eftirfarandi gögn ef sérstakar ástæður mæla gegn slíkri birtingu:

(i) Gögn sem málsaðili leggur fram rökstudda beiðni um að verði ekki birt.
(ii) Gögn er varðar tillögur eða viðræður við ríkið um fjárhagsmálefni sveitarfélaga.
(iii) Gögn er varða fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sveitarfélagsins.
(iv) Önnur gögn sem falla undir undanþáguákvæði upplýsingalaga.

6. gr.
Hver tekur ákvörðun um birtingu gagna.

Í aðdraganda fundar skal liggja fyrir tillaga starfsmanns að birtingu gagna, sem taka skal til umfjöllunar eftir lok fundar.

Formaður viðkomandi ráðs eða nefndar tekur ákvörðun um birtingu gagna strax eftir lok fundar í samráði við viðkomandi sviðsstjóra og/eða starfsmann fagráðs eða nefndar.

Forseti bæjarstjórnar í samráði við bæjarstjóra og deildarstjóra stjórnsýslu og fjármála tekur ákvörðun um birtingu gagna strax eftir lok fundar sveitarstjórnar.

Ritari / skjalavörður yfirfer birtingu gagna eftir lokun fundargerða, þá hvort að gögn hafi verið birt og þá í samræmi við þessar reglur.

Ef álitamál er um birtingu gagna skal bæjarstjóri skera úr um hvort viðkomandi gögn séu undanþegin upplýsingarétti samkvæmt lögum.

7. gr.
Upplýsingaréttur almennings.

Að öðru leyti en hér er kveðið á um fer um upplýsingarétt almennings eftir ákvæðum upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og eftir atvikum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

8. gr.
Persónuvernd / tilkynning um öryggisbresti.

Ef gögn, sem birta á með fundargerðum samkvæmt reglum þessum, hafa að geyma upplýsingar persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, telst slík birting til vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir gildissvið laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Það er ófrávíkjanlegt skilyrði vinnslu persónuupplýsinga að þær skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum, gagnsæjum og lögmætum hætti og öll meðferð þeirra skal vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

Ef birt eru gögn sem innihalda persónuupplýsingar skal meðferð þeirra ávallt vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga og þær grunnkröfur sem kveðið er á um í 5. gr. persónuverndarlaga.

Fari svo að persónuupplýsingar sem leynt skulu fara samkvæmt ákvæðum persónuverndarlaga, verði birtar fyrir mistök í fundargerð eða í gögnum með fundargerð á vef sveitarfélagsins, skal leitast við að grípa strax til viðeigandi ráðstafana til að vernda þær persónuupplýsingar sem um ræðir. Skal taka viðkomandi gagn/gögn úr birtingu við fyrsta tækifæri og viðkomandi gagn/gögn ekki birt aftur nema lög heimili og þá þannig að búið sé að afmá þær persónuupplýsingar sem leynt skulu fara.

Öryggisbresti skal tilkynna strax til Persónuverndar og persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Um tilkynningar til viðkomandi einstaklinga fer eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018,

9. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með vísan til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, upplýsingalaga nr. 140/2021 og laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og samþykkta um stjórn Fjallabyggðar nr. 138/2018.

Samþykkt á 654. fundi bæjarráðs þann 04.06.2020.

Samþykkt á 187. fundi bæjarstjórnar þann 11.06.2020.